

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

191. FUNDUR.

Árið 2011, miðvikudaginn 30. nóvember var haldinn 191. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra kl. 9:00. í fundarsal Ráðhússins. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun Húnaþings vestra fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki árið 2012.

Lögð var fram til fyrri umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2012. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri kynntu.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um álagningu fasteignagjalda og útsvars árið 2012.

Útsvar	14,48%	
Fasteignaskattur A-gjald	0,40%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,30%	af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	7,22	kr. pr. m ²
Lóðarleiga, ræktað land	1,00	kr. pr. m ²

Holræsagjald	0,25%	af fm. húss og lóðar
Vatnsskattur	0,31%	af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	14,00	kr. m ³

Hreinsun rotþróa:

0-2000 lítra	7.194	kr. pr. þró
2001-4000 lítra	8.609	kr. pr. þró
4001-6000 lítra	10.260	kr. pr. þró
6001 lítra og stærri	2.712	kr. pr. m ³

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða kr. 28.500

Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp kr. 14.000

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-B-og C gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamatari ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4

Gjalddagi gjalda undir kr. 15.000 er 1. maí

Gjalddagar gjalda á bilinu kr. 15.000 til 25.000 eru 1. apríl og 1. júlí

Aðrir gjalddagar eru 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst

Samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar frá 2. desember 2010 munu hesthús í þéttbýli falla undir lið C við álagningu fasteignaskatts frá og með árinu 2012.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að reglum um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli-og örorkulífeyrisþega. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2012 var farið yfir tillögur að gjaldskrárbreytingum og erindum fyrirtækja, félagasamtaka og fjallskilastjórna.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra. Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá annarra þjónustustofnana aðalsjóðs.

Tillaga um gjaldskrá þjónustustofnana borin undir atkvæði. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Húnaþings vestra. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga um 5% hækkun húsaleigu umfram vísitöluhækkun í íbúðum aldraðra í Nestúni og á Gilsbakka. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga um að fella niður afslátt starfsmanna Húnaþings vestra af gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar. Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

Lögð fram tillaga að launum sveitarstjórnar og nefnda sem taka munu gildi 1. janúar 2012

Formaður byggðarráðs	kr.	44.000	á mánuði
Oddviti sveitarstjórnar	kr.	80.000	á mánuði
Seta í byggðarráði	kr.	19.000	á mánuði
Seta í sveitarstjórn	kr.	41.000	á mánuði
Fundir sveitarstjórnar	kr.	18.000	fyrir hvern fund
Fundir byggðarráðs	kr.	9.400	fyrir hvern fund
Formenn nefnda	kr.	9.400	fyrir hvern fund
Aðrir nefndarmenn	kr.	6.000	fyrir hvern fund

Laun þessi hækka í samræmi við hækkun á kjarasamningi Kjalar og LN.

Frá 1. janúar 2012 munu áheyrnarfulltrúar í nefndum ekki fá greitt fyrir fundasetu að undanskyldum áheyrnarfulltrúa í byggðarráði. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2012 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki til síðari

umræðu í sveitarstjórn 8. desember nk. kl. 15:00 .“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Lántaka frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings Vestra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 15.000.000 kr. til 13 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að endurfjármagna hluta af afborgunum lána á gjalddaga hjá lánasjóðnum á árinu 2011, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra kt. 190164-4389 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Húnaþings Vestra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Lántaka þessi er í samræmi við lántökuheimild í fjárhagsáætlun Húnaþings vestra á árinu 2011.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 10:15

Leó Örn Þorleifsson

Stefán Einar Böðvarsson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín Jóna Rósinberg

Ragnar Smári Helgason

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín R. Líndal